

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-100/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. nóvember sl. bað Z, f.h. X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar, auk skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. desember. Með bréfi, dags. 19. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 12. janúar. Með bréfi, dags. 19. janúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 23. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 22. júní, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, kemur fram að hinn 20. september 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 460.000. Var bifreiðin af gerðinni Mercedes Benz 220, árgerð 1996, forskráð 6. júní 1997. Rekur álitsbeiðandi að í kaupsamningi og afsali sé að finna eftirfarandi lýsingu seljanda á bifreiðinni: „Hraðamælir og miðstöð virka ekki, einnig eru gangtruflanir í honum sem kaupandi veit af.“ Þá komi fram að bifreiðin hafi farið í gegnum aðalskoðun án athugasemda hinn 4. apríl 2014. Eins er upplýst að staða á kílómetramæli sé 137.000 km. Í kaupsamningi hafi komið fram að bifreiðin seldist í „núverandi ástandi“ sem kaupandi hefði „kynnt sér og sætt sig við“. Þá bendir álitsbeiðandi á að seljandi hafi ekki vakið sérstaka athygli á að álitsbeiðandi gæti látið óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar.

Álitsbeiðandi rekur næst að í sölulýsingu vegna bifreiðarinnar, sem birtist á netinu, hafi veri fullyrt að um „góðan bíl“ væri að ræða sem væri „mjög heill“ og að bifreiðin væri nýskoðuð, nýsmurð, skipting hefði verið upptekin og bifreiðin öll ryðbætt og máluð. Hins vegar hafi komið fram í samskiptum aðila fyrir kaupin, að bifreiðin gengi illa undir 1.500 snúningum en væri að öðru leyti í „topp standi“. Eins kom fram að til að ráða bót á umræddum lélegum gangi í vél þyrfti að skipta um spjaldloku í vél.

Segir álitsbeiðandi að strax eftir kaupin hafi hins vegar komið í ljós að bifreiðin var í mun lakara ástandi en upplýst hafði verið um fyrir kaupin. Ekkert hafi verið hægt að aka bifreiðinni eftir kaupin, enda haldist hún ekki í gangi. Var bifreiðin skoðuð af verkstæði og kom þar fram að ástand hennar var allt annað og verra en álitsbeiðandi hafði verið upplýstur um við kaupin. Samkvæmt verkstæðinu muni það kosta á bilinu kr. 565-790.000 að laga bifreiðina og er það langt umfram það sem upplýsingar seljanda um ástand bifreiðarinnar gáfu tilefni til að ætla. Þá telur álitsbeiðandi víst að bifreiðin sé ekin mun meira en þá 137.000 km sem tilteknir séu í kaupsamningi. Í fyrsta lagi sé akstur bifreiðarinnar mældur í mílum, en ekki kílómetrum en eins hafi bifreiðin staðið í sömu kílómetratölu allt síðan 1. desember 2008, ef marka megi ökutækjaskýrslu.

Telur álitsbeiðandi því að bifreiðin sé haldin galla í skilningi 17. – 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum 19. gr. laganna. Bifreiðin svari alls ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf upp, sbr. a. lið og þá telur álitsbeiðandi að seljandi hafi þekkt eða mátt þekkja ástand bifreiðarinnar og því vanrækt að gefa viðeigandi upplýsingar, sbr. b. lið ákvæðisins. Sérstaklega verði að hafa í huga í þessu sambandi að seljandi upplýsti að hann hefði rætt við bifvélavirkja skömmu fyrir kaupin í tengslum við spjaldloku auk þess sem skýrsla verkstæðis staðfesti að nýlegar „viðgerðir“ virðist hafa átt sér stað skömmu fyrir söluna, m.a. á bensíndælu og ýmsar ryðbætur gerðar. Telur álitsbeiðandi að það stappi nærri að upplýsingum hafi verið leynt með sviksömum hætti. Til viðbótar sé alveg ljóst að ástand bifreiðarinnar sé mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverði bifreiðarinnar og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 18. gr. laganna, en þetta staðfesti skoðunarskýrsla áðurnefnds verkstæðis.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að kaupunum verði rift. Auk þess krefst hann skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar vegna bifreiðagjalda og vegna skoðunar verkstæðis á bifreiðinni, en fjárhæð kröfunnar er kr. 22.042. Til vara krefst álitsbeiðandi afsláttar eða skaðabóta að álitum. Eins krefst álitsbeiðandi málskostnaðar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. afrit af kaupsamningi og afsali, tilkynningu um eigendaskipti, smurbók, ástandsskýrslu bifvélavirkja, vefsamskiptum aðila o.fl.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, kemur m.a. fram að þegar viðskipti aðila fóru fram hafi álitsbeiðandi ekki talið þörf á að undirrita eigið eintak af afsali og kaupsamningi, en það skjal fylgdi álitsbeiðni. Álitsbeiðandi undirritaði hins vegar afrit seljanda af kaupsamningi og afsali, í votta viðurvist. Undirritaði álitsbeiðandi þannig skjal þar sem vakin var athygli hans á rétti sínum til að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Eins hafi seljandi hvatt álitsbeiðanda til að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar, þar sem hún væri ekki í fullkomnu ástandi. Þetta hafi seljandi m.a. áréttað í netsamskiptum sínum við álitsbeiðanda í tvígang. Tekur seljandi það næst fram að álitsbeiðandi hafi strax í upphafi samskipta sinna við seljanda, verið upplýstur um að bifreiðin gengi illa undir 1.500 snúningum. Ásett verð bifreiðarinnar hafi verið kr. 900.000, en seljandi hafi boðið álitsbeiðanda bifreiðina á kr. 500.000 sökum ástands hennar. Komi þetta skýrt fram í upphafi vefsamskipta aðila. Því hafi seljandi slegið veruleg af verði bifreiðarinnar. Þá hafi seljandi upplýst álitsbeiðanda um það sem hún hafi vitað um ástand bifreiðarinnar, þ.e. að samkvæmt bifvélavirkja væru vandræði með gang bifreiðarinnar tengd spjaldloku. Seljandi hafi hins vegar tekið það fram við álitsbeiðanda að hann hefði ekkert vit á bifreiðunum og viti ekki hvað spjaldloka sé. Segir seljandi næst að þegar álitsbeiðandi þrúfukeyrði bifreiðina hafi hún drepit tvisvar á sér í akstri. Álitsbeiðanda hafi þannig verið fullkomlega ljóst að bifreiðin var ekki í góðu ástandi og þyrfti á einhverri viðgerð að halda. Máli sínu til stuðnings vísar seljandi til álits kæruneðndarinnar á málinu nr. M-107/2012 frá 15. maí 2013, þar sem niðurstaða kæruneðndarinnar um að hafna kröfum kaupanda bifreiðar í málinu byggir m.a. á því að kaupandinn hafi ekki skoðað bifreiðina nægjanlega vel fyrir kaupin.

Seljandi mótmælir næst skýrslu bifvélavirkja um ástand bifreiðarinnar, framlagðri af álitsbeiðanda. Telur seljandi skýrsluna ekki hafa sönnunargildi um raunverulegt ástand bifreiðarinnar eða kostnað við að gera við hana. Segir seljandi að upplýsingar um hve mikið bifreiðinni hefði verið ekið hafi hún fengið frá þeim aðila er seldi henni bifreiðina. Sá aðili hafi sagt henni að bifreiðin væri ekin jafn mikið og gefið var upp við sölu til álitsbeiðanda. Hins vegar hafi akstursstaða skv. mæli verið rituð á kaupsamning og afsal, líkt og venja sé til. Segist seljandi ekki hafa áttað sig á því að í ökutækjaskrá sé bifreiðin skráð með sama akstur

frá 2. júlí 2009. Frá því tímamarki hafi bifreiðin skipt um eigendur fimm sinnum og virðist enginn þeirra aðila hafa áttað sig á þessu. Telur seljandi bifreiðina ekki geta talist gallaða í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og því séu jafnframt ekki skilyrði riftunar fyrir hendi. Þá mótmælir seljandi sérstaklega fjárkröfum álitsbeiðanda á þeim grundvelli að þeir reikningar sem kröfurnar byggja á, séu ekki löglegir. Þá bendir seljandi á að kærunefndin taki ekki afstöðu til krafna um málskostnað.

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að dregin er til baka fyrri fullyrðing um að seljandi hafi ekki bent álitsbeiðanda á að láta óháðan aðila meta ástand hins keypta ökutækis fyrir kaup. Álitsbeiðandi segist hins vegar hafa kannað hvort óháð skoðunarfyrtæki tækju að sér að ástandsskoða bifreiðina en verið tjáð að ástandsskoðanir væru ekki í boði fyrir bifreiðar eldri en 15 ára. Það hafi ekki verið fyrr en eftir kaupin að álitsbeiðandi komast að því, undir rekstri þessa máls, að hægt var að fá léttari skoðun fyrir eldri bifreiðar. Álitsbeiðandi hafi einnig reynt að fá bifvélavirkja til að ástandsskoða bifreiðina, en sá hafi veigrað sér við því vegna aldurs bifreiðarinnar og eigin ábyrgðar. Þar sem álitsbeiðanda hafi ekki tekist að láta ástandsskoða bifreiðina, hafi hann ekki haft aðrar upplýsingar að styðjast við en upplýsingar frá seljanda. Þá segir álitsbeiðandi að honum hafi þótt það traustvekjandi að bifreiðin hafi nýverið farið í gegnum skoðun án athugasemda. Segir álitsbeiðandi einnig að þegar raunverulegt ástand bifreiðarinnar skv. skoðun bifvélavirkja, sé borið saman við það sem seljandi hafi sagt um bifreiðina komi í ljós að upplýsingar seljanda hafi verið langt frá því að vera réttar. Bendir álitsbeiðandi sérstaklega á að seljandi geti borið hlutlæga ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann hafi látið frá sér í tengslum við hve mikið bifreiðin hafi verið ekin.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina ML-349, hinn 20. september 2014 fyrir kr. 460.000. Bifreiðin er árgerð 1996 og fyrsti skráningardagur hennar 16. október 1997. Bifreiðin var því rétt tæplega 17 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 137.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali, seljandi mun þó hafa gefið upp að bifreiðin væri ekin um 150.000 km.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 20. september 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við. [...] Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 19.-20. gr. lausafjárkaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 19. og 20. gr. segir m.a.:

„19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa getur ekki fallist á að bifreiðin hafi ekki svarað ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Seljandi gaf vissulega upp að bifreiðin væri ekin „um 150.000 km“ við kaupin og mun seljandi hafa fengið þær upplýsingar að bifreiðin hefði staðið notkunarlaus í nokkur ár. Hefur ekkert komið fram sem rengir þær upplýsingar. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. laganna. Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Fram kemur að álitsbeiðandi lét ekki gera slíka skoðun á bifreiðinni. Hefur álitsbeiðandi bent á að ekki séu gerðar svokallaðar „ástandsskoðanir“ á bifreiðum sem eru eldri en 15 ára, en svo er ástatt með hina umþrættu bifreið og að honum hafi ekki verið tjáð við þær athuganir sínar að hægt væri að fá „léttari“ skoðun á bifreiðinni líkt og síðar hafi komið í ljós. Álitsbeiðandi leggur hins vegar fram skoðunarskýrslu bifvélavirkja á bifreiðinni sem gerð var í tengslum við kröfugerð hans á hendur seljanda. Þau atriði sem þar eru tiltekin til galla á bifreiðinni, eru, að mati kærunefndarinnar, allt atriði sem hefðu átt að sjást við léttu skoðun bifvélavirkja á bifreiðinni. Framlagning skýrslunnar er einnig, í sjálfu sér, staðfesting á að hægt sé að fá skoðun á gömlu bifreiðum hjá bifvélavirkjum. Hins vegar telur kærunefndin jafnframt að mörg þeirra atriða sem tiltekin eru í umræddri skýrslu, hefðu átt að koma í veg fyrir að bifreiðin fengi athugasemdalaus aðalskoðun hinn 4. apríl 2014 og mátti álitsbeiðandi því að einhverju leyti byggja væntingar sinnar til ástands bifreiðarinnar á þeirri skoðun. Engu að síður er skoðunarskylda kaupenda skv. 2. mgr. 20. gr. lausafjárkaupa mikil og getur álitsbeiðandi skv. ákvæðinu ekki borið fyrir sig neitt það sem galla, sem hann hefði átt að veita athygli við skoðun á söluhlutnum fyrir kaupin. Gildir þetta ákvæði nema að sýnt sé fram á að seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að örðu leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú. Getur kærunefndin ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á að svo sé.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna öllum kröfum álitsbeiðanda.

VIII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir